

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2026, þriðjudaginn 17. mars kl. 13:25 eftir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1248. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin. Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Sigrún Reynisdóttir og Dagný Geirdal. Fundarritari var Guðbjörg Sigríður Snorradóttir.

Þetta gerðist:

1. Ármúli 32 - USK25100123

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta aðstöðu fyrir sjúkrabjálfun í rými 0301 í húsi á lóð nr. 32 við Ármúla.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

2. Baldursgata 27 - USK25080209

Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu úr timbri við vesturgafli suðurhlíðar íbúðarhúss, mhl.01, á lóð nr. 27 við Baldurgötu.

Stækkun: xx.x ferm., xx. x rúmm.

Erindi fylgir samþykki fyrir hönd meðlóðarhafa dags. 5. janúar 2026 og umsögn Minjastofnunar dags. 4. nóvember 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Baughús 40 - USK25120082

Sótt er um leyfi til að leiðrétta stærðir og fá samþykkt nýja skráningartöflu fyrir einbýlishús á lóð nr. 40 við Baughús.

Erindi fylgir afrit af aðaluppdráttum samþykktum 12. október 1989

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

4. Borgartún 8-16A - USK26030229

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu skrifstofur og móttökusvæði ásamt viðtalrýmum og starfsmannaðstöðu fyrir þjónustu og upplýsingatækni í rýmum 0102, 0103 og 0107 í skrifstofuhúsi við Borgartún 12-14, mhl.01, á lóð nr. 8-16A á lóð við Borgartún.

Erindi fylgir greinargerð Öruggr um brunavarnir útg. V01 dags. 12. mars 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 14. september 2021.

Frestað. Vísað til athugasemda.

5. Bragagata 26A - USK25070383

Sótt um áður gerða framkvæmd þar sem skipulagi kjallara var breytt, fjarlægja kvist á norðurþekju, stækka og endurgera kvist á suðurþekju einbýlishýsi á lóð nr. 26A við Bragagötu. Stækkun: 0,5 ferm., 29,0 rúmm. Erindi fylgja skuggavarpsteikningar dags. 5. júní 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 9. janúar 2018.

Erindið var samþykkt á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa Reykjavíkur nr. 1234, 2. desember sl. Í ljós hefur komið að ekki var tekin afstaða til þess af hálfu skipulagsfulltrúa hvort tilefni væri til að falla frá grenndarkynningu vegna umsóknar um byggingarleyfi fyrir endurgerð þaks hússins á lóð 26A við Bragagötu, sbr. fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 16. september 2025.

Ákvörðun byggingarfulltrúa um að samþykkja byggingarleyfi er því haldin ógildingarannmarka og áformar byggingarfulltrúi af þeim sökum að afturkalla ákvörðun um samþykki byggingarleyfis og taka umsóknina aftur til vinnslu.

Samþykkt.

6. Brautarholt 16 - USK24030336

Sótt er um leyfi til að byggja tvær hæðir ofaná, efri hæðin inndregin, fjarlægja austara stigahús, breyta gluggum, byggja svalir, koma fyrir lyftu og innréttu gististað í flokki II, teg. b., 39 gistirými fyrir 94 gesti á efri hæðum og hluta 1. hæðar, verslunarrými á jarðhæð, gera þaksvalir á 5. hæð vesturbyggingar, sameina mhl. 02 og 03 og innréttu tvær vinnustofur og sorpgeymslu í bakhúsi á lóð nr. 16 við Brautarholt.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júlí 2024.

Stækkun: 529,5 ferm., 1.735,1 rúmm.

Eftir stækkun: 1.700,3 ferm., 5.639,9 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

7. Breiðhöfði 3 - USK25080191

Sótt er um leyfi til að byggja tvö 7 hæða fjölbýlishús með 77 íbúðum á bílakjallara með 139 stæðum á lóð nr. 3 við Breiðhöfða.

Stærð: 11.452,4 ferm., 37.404,1 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Myrru dags. 11. ágúst 2025 og greinargerð um brunavarnir frá Öruggr dags. 5. nóvember 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Brekknaás 14 - USK26010341

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að anddyri starfsmanna er stúkuð af með EI60 veggjum, komið er fyrir opnanlegum gluggafögum starfsmannarýmum og texti um brunavarnir er uppfærður fyrir leikskólann Blásali á lóð nr. 4 við Brekknaás.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðalteikningum samþykktum 14. maí 1998 og afrit af síðustu samþykktu aðalteikningum dags. 9. mars 2022.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

9. Brúarvogur 1-3 - Vegna sorpflokkunar - USK24070139

Sótt er um stöðuleyfi fyrir tveimur sorpgámum á lóð nr. 1-3 að Brúarvogi.

Erindi fylgir samþykki lóðarhafa ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

10. Bíldshöfði 7 – breytingaerindi - USK26010200

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030214 með því að breyta gluggum, undirstöðum svala og innra skipulagi, ásamt því að uppfæra texta um brunavarnir í mhl. 20 í á lóð nr. 7 við Bíldshöfða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

11. Dragháls 18 - USK26020262

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi allra hæða í húsi á lóð nr. 18 við Dragháls.

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Dugguvogur 50 - USK26020021

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi þar sem innréttuð hefur verið nálastungustofa í rými 0201 í húsi á lóð nr. 50 við Dugguvog.

Frestað. Vísað til athugasemda.

13. Fiskislóð 23-25 - USK25110163

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi í húsi á lóð nr. 23-25 við Fiskislóð.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Fjallkonuvegur 1 - USK26010316

Sótt er um stöðuleyfi fyrir torgsöluhúsi, færanlegri snjall-sjálfsafgreiðslustöð með kælingu fyrir matvörur, byggða úr clt-einingum, á viðskipta- og þjónustulóð nr. 1 við Fjallkonuveg

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

15. Flugvöllur - USK26010452

Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 11 og mhl. 12 sem eru einnar hæðar timburhús á lóð með landnúmer 106748 og staðfangið Nauthólsvegur 58.

Niðurrið: F2029310, hluti, mhl. 11, merkt vörugeymsla, 88,2 ferm.

F2029316, mhl. 12, merkt farþ/vöruafgreiðsla, 309,3 ferm.

Erindi fylgir minnisblað um flokkun framkvæmdaúrgangs dags. 26. janúar 2026.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

16. Flugvöllur - USK25120152

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innréttu svefn- og hvíldarrými flugumferðastjóra í norðausturhorni 1. hæðar og sk. "fjarturn" í norðurhlíð 2. hæðar flugstjórnarmiðstöðvar við Nauthólsveg 66 sem er mhl. 36 á lóð með landnúmer 106748.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. desember 2025, hljóðvistargreinargerð I frá EFLU dags. 4. nóvember 2025, tölvupóstur varðandi algilda hönnun dags. 30. janúar 2025 og brunahönnun frá EFLU dags. 2. desember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Fákafen 9 - USK26010404

Sótt er um leyfi fyrir innanhússbreytingu fyrir kírópraktstofu fyrir að hámarki 50 manns í húsi nr. 9 við Fákafen. Erindinu fylgir yfirlit breytinga dags. 8. desember 1998.

Frestað. Vísað til athugasemda.

18. Garðastræti 42 - USK26010363

Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða viðbyggingu, bílskúr og baðhús í kjallara með verönd og heitum potti og stækkun á eldhúsi á 1. hæð ásamt því að gerð er grein fyrir steypum veggjum á lóð einbýlishúss á lóð nr. 42við Garðastræti.

Stækkun: 110 ferm.

Eftir stækkun: 299,9 ferm., 1.122,7 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

19. Grensásvegur 1B - USK26010184

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN059173 þannig að innra skipulagi í suðurenda geymslugangs er breytt og rýmisnúmer uppfærð til samræmis í kjallara fjölbýlishúss við Grensásveg 1B, mhl.03, á lóð nr. 1 við Grensásveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 8, júní 2021.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

20. Hagamelur 55 - USK26020458

Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir þremur færanlegum kennslustofum, mhl.03, mhl.04 og mhl.05, auk tengibygginga, fyrir 50 leikskólabörn og einu starfsmannahúsi, mhl.02 með aðstöðu fyrir 28 starfsmenn við leikskólann Vesturborg á lóð nr. 55 við Hagamel.

Stærð:

Starfsmannahús, mhl.02: 95.4 ferm., 371.5 rúmm.

Leikskólahús, mhl.03, mhl.04, mhl.05 auk tengibygginga: xx.x ferm., xx.x rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

21. Hestháls 10 - USK25100035

Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús og innrétta sem sýningarsal og verkstæði bílaumboðs á lóð nr. 10 við Hestháls.

Stærð: 1.635,9 ferm,- 10.939.3 rúmm.

Jafnframt er erindi USK25110277 dregið til baka.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Hlíðarhús 7 - USK25120150

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 1. hæð, mhl.01, þannig að aðgengi og þjónusta er bætt á 1. hæðum mhl.1 og mhl.0303, auk þess sem öll starfsaðstaða er uppfærð og 6 nýjum hjúkrunarrýmum bætt við á 2. og 3. hæð í mhl.03, hjúkrunarheimilinu Eir á lóð nr. 7 við Hlíðarhús.

Erindi fylgir greinargerð um yfirlit breytinga ásamt aðaltekningum samþykktum 1. ágúst 2006

Frestað. Vísað til athugasemda.

23. Hringbraut 118 - USK25050337

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0103 í húsi nr. 118 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

24. Hólmsheiðarvegur 139 - Geymsla húss - USK26030152

Sótt er um stöðuleyfi fyrir frístundahús í smíðum sem ætlað er til flutnings á lóð nr. 139 við Hólmsheiðarveg.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

25. Klapparstígur 26 - USK25110028

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, færa hótelinngang, innrétta veitingastað í flokki ? teg? fyrir 50 gesti í rými 0103, verslun í rými 0103, stækka út að steypu handriði 5. hæð, byggja fimm hæða viðbyggingu, auk kjallara við vesturhlið og fjölga herbergjum í gistiheimili í flokki ? teg ? í alls ? fyrir ? gesti í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 26 við Klapparstíg.

Stækkun: 213.6 ferm., 414.3 rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 3. nóvember 2025, greinargerð og yfirlit breytinga á ósamþykktum skýringarteikningum dags. 21. október 2025.

Hjálagt er deiliskipulagsuppdráttur auglýstur í B-deild Stjórnartíðinda 25. ágúst 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

26. Klapparstígur 40 - USK25050136

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og til að skipta verslun í 2 eignarhluta í húsi á lóð nr. 40 við Klapparstíg.

Erindi fylgir starfsábyrgðartrygging löggiltra hönnuða aðal- og séruppdrátt dags. 12. ágúst 2024, samþykki meðeiganda dags. 10. júlí 2025 og húsaskoðun byggingarfulltrúa dags. 17. desember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing er gerð þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi. Eignaskiptayfirlýsandi þarf að senda staðfestingu á að byrjað sé að gera eignaskiptayfirlýsingu á eignaskiptayfirlýsing@reykjavik.is fyrir útgáfu byggingarleyfis. Þinglýsa þarf eignaskiptayfirlýsingu fyrir lokaúttekt.

27. Kleppsvegur 150 – breytingaerindi - USK26020265

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24100309 þannig að gerðar eru breytingar á burðarvirki og bætt inn burðarsúlum í kjallara leikskóla á lóð nr. 150 við Kleppsveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

28. Koparsléttu 2 - USK26010450

Sótt er um leyfi til að koma fyrir fráveitubúnaði vegna eldsneytisafgreiðslu og þvottaplans á lóð nr. 2 við Koparsléttu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

29. Laufásvegur 18 - USK26020044

Sótt er um leyfi til að endurnýja þak, setja kvist á götuhlið, hækka þak að garðhlið og bæta við svölum á 3.hæð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 18 við Laufásveg.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

30. Laugavegur 157 - USK25060225

Sótt er um leyfi til að byggja 6 íbúða 4 - hæða fjölbýlishús úr timbri á steyptum kjallara á lóð nr. 157 við Laugaveg.

Stærð: 728.4 ferm., 1.822.8 rúmm.

Nýtingarhlutfall 2.70.

Frestað. Vísað til athugasemda.

31. Laugavegur 168 – breytingaerindi - USK26010425

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23010019 vegna lokaúttektar, m.a. lóðarhönnun við Brautarholt, þaksvölum og í inngarði, brunavörnum, gönguleiðir í bílakjallara eru afmarkaðar, lyfta í atvinnurými er færð, reyklosun og loftræstistokkum og innra skipulagi íbúða við Brautarholt er breytt í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 168 við Laugaveg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Laugavegur 62 - USK26010455

Sótt er um leyfi til að setja upp hlið (bómu) í portinu á lóð nr. 62 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

33. Laugavegur 73 - USK25080325

Sótt er um leyfi til að byggja sex hæða nýbyggingu, tíu íbúðir með verslunarrými á götuhæð og bílakjallara með á bílakjallara með átta bílastæðum á lóð nr. 73 við Laugaveg.

Stærð, A-rými: 1.528,4 ferm., 5.424,7 rúmm.

B-rými: 69,9 ferm.

Erindi fylgir greinargerð um hljóðvist frá Mannvit dags. 22. maí 2018, minnisblað um sambrunahættu milli húsa frá Mannvit dags. 23. maí 2018, samkomulag um aðkomu frá Hverfisgötu 92 dags. 12. janúar 2018 og þinglýst kvöð um bílastæðakjallara og umferðarrétt dags. 12. janúar 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Leiruvík - USK25120348

Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar steinsteypt einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu í Leiruvík, lóð með landnr. 125834.

Stærð: 475,7 ferm., 1.590,9 rúmm.

Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 12. mars 2025 og gögn varðandi hreinsivirki á lóð.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

35. Mjölnisholt 6 - USK25050444

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN052156 þannig að komið er fyrir utanáliggjandi stigahúsi á bakhlið, eldri stigar fjarlægðir og gerðir inngangar frá svölum, bætt við íbúð í risi og byggður geymsluskúr á baklóð fjölbýlishúss á lóð nr. 6 við Mjölnisholt.

Stækkun: 52 ferm., 164,7 rúmm.

Stærð eftir breytingar:

Mhl. 01: 660 ferm., 1.544,2 rúmm.

Mhl. 02: 52 ferm., 175,1 rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og svör við athugasemdum byggingarfulltrúa ódagsett.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Sigtún 30 – breytingaerindi - USK25110408

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057325 með því að leiðrétta stærðir í byggingarlýsingu og í töflu og breyta sérnotaflötum og svölum í fjölbýlishúsum á lóð nr. 30 við Sigtún.

Erindi fylgir minnisblað hönnuðar vegna breytinga dags. 26. nóvember 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

37. Skarfagarðar 6 – breytingaerindi - USK26030029

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23120166 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi og innréttingum er breytt, upplýsingar um tímabundna veitingastarfsemi er skilgreindur sem flokkur II tegund G á og brunahólfanir og flóttaleiðir eru uppfærðar fyrir móttöku- og þjónustumiðstöð skemmtiferðaskipa, sem utan ferðatímabils verður mögulega nýtt til viðburðahalds á viðskipta- og þjónustulóð nr. 8 við Skarfagarða.

Erindi fylgir greinargerð brunavarna frá Brunahönnun dags. 27. febrúar 2026 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 30. apríl 24.

Frestað. Vísað til athugasemda heilbrigðiseftirlitsins.

38. Skipholt 44 - USK25060044

Sótt er um leyfi til hækka þak, gera kvisti á báðar þekjur og bæta við svölum á vesturgafi rishæðar íbúðarhúss á lóð nr. 44 við Skipholt.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki eigenda Skipholts 44-50 dags. 10. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Skólavörðustígur 20 - USK25090225

Sótt er um leyfi til þess að bæta aðgengi og flóttaleið með því að gera nýjan inngang að bílageymslu við verslunar- og sambýlishúsi á lóð nr. 20 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 12. mars 2026, samþykki meðeigenda dags. 15. september 2025 og yfirlit breytinga aðaluppdrætti synjuðum 22. september 1998.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

40. Snorrabraut 54 – breytingaerindi - USK26020198

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24030337 með síðari breytingu USK24070193 þannig að hótélherbergjum er fækkað í 22 með því að sameina tvö herbergi í ketilshúsi, stigapallur að tveimur herbergjum á 2. hæð er stækkaður og inngöngum breytt, jafnframt er erindislýsing og texti um brunavarnir uppfærður fyrir gistiheimili í flokki 2, teg b með alls 22 hótélíbúðum fyrir alls 72 gesti og 8 starfsmenn í húsi Mjólkursamsölunnar, mhl.01 á lóð nr. 54 við Snorrabraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga samsett af uppfærðum aðaluppdráttum og aðaluppdráttum samþykktum 9. júlí 2024.

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

41. Snorrabraut 85 – breytingaerindi - USK26010475

Sótt er um heimild til að breyta erindi USK25050092 vegna lokaúttektar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Stjörnugróf 9 - USK26020186

Sótt er um leyfi til að breyta og reisa gróðurhús ásamt pökkunaraðstöðu og starfsmannarýmum, mhl.0?, á lóð nr. 9 við Stjörnugróf.

Stærð: 521.8 ferm., 2.444.4 rúmm

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 12. mars 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Stórhöfði 17 - USK26010424

Sótt er um leyfi til að innrétta aðstöðu fyrir sjúkrapjálfun og nudd í rými 0101 húsi á lóð nr. 17 við Stórhöfða.

Frestað. Vísað til athugasemda.

44. Suðurlandsbraut 6 - USK25120194

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta matvöruverslun í rými 0101 og 0103 í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 6 við Suðurlandsbraut.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Sólvallagata 23 - USK26020019

Sótt er um leyfi til að byggja bílskúr úr timbri á steinsteyptum sökklvi við einbýlishús á lóð nr. 23 við Sólvallagötu.

Stærð: 36 ferm., 103,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

46. Thorsvegur 1 - USK25050334

Sótt er um að byggja tveggja hæða stálgreindarhús fyrir skrifstofur, vélageymslu og lager, koma fyrir 6 bílastæðum og steinsteyptum jarðvegshólfum á skika 8, með aðkomu frá Thorsvegi á landi golfklúbbs Reykjavíkur við Korpúlfsstaði.

Landi golfklúbbs Reykjavíkur við Korpúlfsstaði.

Stærð: 740.1 ferm., 2.244.0 rúmm

Erindi fylgir samantekt breytinga dags. 12. mars 2026, greinargerð hönnuðar dags. 15. desember 2025, greinargerð hönnunarstjóra dags. 20. maí 2025, útreikningar u-gilda útg. 1 dags. 11. desember 2020 og hæðablað fyrir skika 8 dags. 19. febrúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

47. Tunguháls 11 - USK25030334

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN059489, með síðari breytingum BN060510, BN061181, BN061375 og USK23100366 vegna lokaúttektar þannig að innra skipulagi er breytt lítillega og eldvarnir og flóttaleiðir eru uppfærðar í vöru- og skrifstofuhúsi nr. 11, mhl.02, á lóð nr. 9-11 við Tunguháls.

Erindi fylgir greinargerð Securitas um brunavarnir útg. V04 dags. 20. júní 2022, minnisblað Securitas dags. 25. október 2023 og yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 22. október 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

48. Úthlíð 12 - USK25060191

Sótt er um leyfi til þess að grafa frá sökkulrými og koma fyrir inngang til suðurs og innréttu aukaíbúð í bílskúr, mhl.03, í eigu íbúðar 0101, koma fyrir svölum ofan á þaki bílskúrs yfir að íbúðarhúsi og meðfram suðurhlíð 1.hæðar á íbúðarhúsi, mhl.01, á lóð nr. 12 við Úthlíð.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. mars 2026, samþykki meðlóðarhafa dags. 5. ágúst 2025 og yfirlit breytinga á aðaluppdrætti samþykktum 12. maí 1957.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. mars 2026.

49. Vatnagarðar 22 - USK25120267

Sótt er um leyfi til að bæta flóttaleið af milligólfi með því að koma fyrir flóttapöllum og stigum á austur- og vesturhlíð og til að breyta innra skipulagi og innréttu blikk- og járnsmiðju ásamt starfsmannaaðstöðu á 1. hæð og skrifstofur á 2. hæð í húsi á lóð nr. 22 við Vatnagarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og brunahönnun frá Öruggr dags. 13. febrúar 2026.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Vesturgata 62 - USK25070036

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN061373 þannig að þaksvölum og þakformi er breytt og 4.- og 5.- hæð stækkuð í fjölbýlishúsi V4, mhl.04., á lóð nr. 62 við Vesturgötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 24. janúar 2023.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Þönglabakki 6 - USK26010247

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í snyrtistofu í rými 0102 í mhl. 07 í húsi á lóð nr. 6 við Þönglabakka. Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

Fundi slitið kl. 15:00
Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Sigrún Reynisdóttir
Dagný Geirdal
Guðbjörg Sigríður Snorradóttir